



# Umbótaáætlun Hvaleyrarskóla

## Vegna ytra mats

### febrúar 2020



## Inngangur

Á haustönn 2019 gerðu starfsmenn Menntamálastofnunar í umboði mennta- og menningarmálaráðuneytisins, úttekt á starfsemi Hvaleyrarskóla. Þeir þættir sem voru skoðaðir voru stjórnun, nám og kennsla og innra mat. Niðurstöður úttektarinnar eru settar fram í skýrslu sem var birt í janúar 2020. Þar eru dregin fram styrkleikar í starfi skólans og bent á tækifæri til umbóta. Í þessari samantekt er horft til þeirra atriða sem matsaðilar leggja til að séu skoðaðir frekar og horft til úrbóta.

Í kjölfar útgáfu matsskýrslu Menntamálastofnunar fóru allir starfsmenn skólans yfir þá þætti sem þarf að bæta og komu með sínar hugmyndir um umbætur. Starfsfólk vann að umbótaáætluninni meðal annars á skipulagsdegi 19.febrúar.

Strax voru sett fram drög að umbótaáætlun sem fór til kynningar í skólasamfélaginu og drög voru lögð fram í skólaráði 24. febrúar og send kennurum skólans á sama tíma. Lokaáætlunin er hér lítur dagsins ljós er send til Menntamálastofnunar 28. Febrúar. Umbótaáætlunin verður lögð fram á fundi skólaráðs í mars og fær þá formlega afgreiðslu og samþykkt.

Umbótaáætlunin er sett upp í töfluformi ásamt tímaramma og ábyrgðaraðilum. Í umbótaáætluninni kemur sérhver tillaga til úrbóta úr skýrslunni fyrir í sömu röð og þær eru í skýrslunni. Í einhverjum tilfellum er búið að framkvæma það sem bent er á. Það kemur þá fram í áætluninni.

Hvaleyrarskóli þakkar gott samstarf við matsaðila sem stóðu að og framkvæmdu úttektina. Úttektin er afar gagnleg fyrir skólastarfið og gerir okkur kleift að gera gott skólastarf enn betra.

Kristinn Guðlaugsson, skólastjóri.



## Yfirlitsmynd fyrir Hvaleyrarskóla

Heildarstig undirkafla	Litur	Lýsing á starfi
3,6 – 4,0	Grænt:	Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf. Flestir eða allir þættir sterkir.
2,6 – 3,5	Grænt/gult:	Gott verklag, margir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi en möguleikar á umbótum. Fleiri styrkleikar en veikleikar.
1,6 – 2,5	Gult:	Uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta. Fleiri veikleikar en styrkleikar.
1,0 – 1,5	Rautt:	Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf í mörgum mikilvægum þáttum. Mikil þörf á umbótum á flestum eða öllum þáttum.

Stjórnun og fagleg forysta		Nám og kennsla		Innra mat
Samvirkni í stefnumótun	Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir	Inntak og námskrá	Skipulag náms	Skipulag
Faglegt samstarf og samræða	Starfsmanna-stjórnun og verkaskipting	Árangur náms	Námssvitund	Framkvæmd
Tengsl við foreldra og aðra í-samfélaginu	Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna	Gæði kennslu	Ábyrgð og þátttaka	Umbætur
Umbætur og innleiðing breytinga				



## Stjórnun og fagleg forysta

### Styrkleikar

- Starfsáætlun er ítarleg og veitir margvíslegar upplýsingar um skólastarfið.
- Stjórnendur skólans stuðla af því unnið sé samkvæmt stefnu skóla og sveitarfélags.
- Sérstöðu skólans er haldið á lofti í skólastarfi.
- Reglulega eru faglegir samstarfsfundir þar sem árangur og aðferðir í kennslu eru ræddar.
- Stjórnendur vinna að því að skapa skólanum jákvæða ímynd í samfélaginu.
- Við stjórnun er lögð áhersla á verklag sem leiðir til jákvæðra samskipta.
- Mat á skólastarfi, niðurstöður skimana og kannana og umbótaáætlun er að finna í starfsáætlun skólans.
- Kannanir meðal nemenda og foreldra sýna jákvætt viðhorf til stjórnenda og annarra starfsmanna.
- Rúmlega 81% foreldra eru mjög eða frekar sammála fullyrðingunni að barninu þeirra líði vel í skólanum.
- Starfsþróunarsamtöl eru árleg og starfsmenn fá svigrúm til starfsþróunar.
- Stjórnendur sýna nýbreytni varðandi starfsþróunarsamtöl við kennarahópa.

### Tækifæri til umbóta

- Stjórnendur fylgist reglulega með námi og kennslu og veiti kennurum endurgjöf.
- Huga þarf að því dreifa betur ábyrgð starfsmanna og virkja leiðtoga innan skólans til að leiða verkefni sem snúa að þróun skólastarfsins.
- Vinna þarf að auknu samráði við alla hagsmunaaðila skólasamfélagsins að stefnumótun, ákvarðanatöku og endurskoðun skólanámskrár og starfsáætlunar.
- Gæta þess að hagsmunaaðilar skólasamfélagsins komi að endurskoðun skólareglna.
- Leita þarf leiða til gera foreldra að þátttakendum í mikilvægum ákvarðanatökum um þróun og skipulag skólastarfsins.
- Kynna stoðþjónustu skólans markvisst fyrir foreldrum og sveitarfélagsins.
- Huga þarf að virkri þátttöku skólaráðs í stefnumótun skólans sem og aukins upplýsingaflæðis um niðurstöður skimana og kannana.
- Gæta þarf þess að nýjar og réttar upplýsingar séu ávallt til staðar á heimasíðu skólans.



- Gera þarf fundargerðir þróunarteyma sýnilegar og opinberar.
- Skrá verklag vegna mála er varða samskiptavanda milli starfsmanna og upplýsa formlega um leiðir til úrlausnar.
- Móta ákveðið verklag fyrir nemendur sem sitja í stjórnnum og nefndum á vegum skólans til að kynna ákvarðanir og verkefni fyrir öðrum nemendum skólans.



Umbótaþáttur - tækifæri til umbóta skv. skýrslu	Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat, hvenær/hvernig
<b>Svið I - Stjórnun og fagleg forysta</b>					
<ul style="list-style-type: none"> <li>Stjórnendur fylgist reglulega með námi og kennslu og veiti kennurum endurgjöf.</li> </ul>	Vinna að skipulögðu innliti í kennslustundir í janúar og febrúar þ.e. 2-4 heimsóknir á viku.	Haust 2020	Maí 2021	Stjórnendur	Júní 2021
<ul style="list-style-type: none"> <li>Huga þarf að því dreifa betur ábyrgð starfsmanna og virkja leiðtoga innan skólans til að leiða verkefni sem snúa að þróun skólstarfsins.</li> </ul>	Styrkja og styðja innleiðingu á teymiskennslu í skólanum með fræðslu og námskeiði í ágúst. Fá ábyrgðaraðili um helstu verkefni skólans.	Apríl 2020	Haust 2020	Skólastjórn	Vor 2021
<ul style="list-style-type: none"> <li>Vinna þarf að auknu samráði við alla hagsmunaaðila skólasamfélagsins að stefnumótun, ákvarðanatöku og endurskoðun skólanámskrár og starfsáætlunar.</li> </ul>	Boða til skólapinga með foreldrum. Huga að rafrænni útlistun.	Október 2020	Desember 2020	Skólastjórn	Vor 2021
<ul style="list-style-type: none"> <li>Gæta þess að hagsmunaaðilar skólasamfélagsins komi að endurskoðun skólareglna.</li> </ul>	Skólaping haldið í nóvember með nemendum þar sem fjallað yrði um skólareglur. Huga að rafrænni útlistun	Október 2020	Desember 2020	Skólastjórn	Vor 2021
<ul style="list-style-type: none"> <li>Leita þarf leiða til gera foreldra að þátttakendum í mikilvægum ákvarðanatökum um þróun og skipulag skólstarfsins.</li> </ul>	Boða til skólapinga með foreldrum. Huga að rafrænni útlistun.	Október 2020	Desember 2020	Skólastjórn	Vor 2021



<ul style="list-style-type: none"> <li>Kynna stoðþjónustu skólans markvisst fyrir foreldrum og sveitarfélagsins.</li> </ul>	Kynnt á haustfundum foreldra.	Ágúst 2020	September 2020	Skólastjórn	Haust 2020
<ul style="list-style-type: none"> <li>Huga þarf að virkri þátttöku skólaráðs í stefnumótun skólans sem og aukins upplýsingaflæðis um niðurstöður skimana og kannana.</li> </ul>	Skimanir og kannanir kynntar reglulegar fyrir skólaráði. Birta niðurstöður kannana tvisvar sinnum á ári á heimasíðu skólans.	Haust 2020	Vor 2021	Skólastjórn, vefstjóri	Vor 2021
<ul style="list-style-type: none"> <li>Gæta þarf þess að nýjar og réttar upplýsingar séu ávallt til staðar á heimasíðu skólans.</li> </ul>	Fara yfir gögn og tengja á heimasíðu skólans	Janúar 2020	Febrúar 2020	Skólastjóri, vefstjóri	Vor 2020
<ul style="list-style-type: none"> <li>Gera þarf fundargerðir þróunarteyma sýnilegar og opinberar.</li> </ul>	Setja fundargerðir inn á heimasíðu skólans.	Haust 2020	Júní 2021	Skólastjórn	Vor 2021
<ul style="list-style-type: none"> <li>Skrá verlag vegna mála er varða samskiptavanda milli starfsmanna og upplýsa formlega um leiðir til úrlausnar.</li> </ul>	Vinna feril er lítur að samskiptavanda milli starfsmanna. Kynna á starfsmanna fundi.	Mars 2020	Ágúst 2020	Skólastjórn, öryggisnefnd skólans.	Haust 2020
<ul style="list-style-type: none"> <li>Móta ákveðið verlag fyrir nemendur sem sitja í stjórnnum og nefndum á vegum skólans til að kynna ákvarðanir og verkefni fyrir öðrum nemendum skólans.</li> </ul>	Vinna verlag með nemendum um kynningu á ákvörðunum og verkefnum fyrir öðrum nemendum skólans.	Apríl 2020	Haust 2020	Skólastjórn, skóla- og nemendaráð.	Vor 2020

## Nám og kennsla

### Styrkleikar

- Einkunnarorð skólans eru mjög sýnileg í skólanum og eru skólasamfélaginu töm.
- Námsvísar/bekkjarnámskrár eru greinargóðar og byggja á aðalnámskrá.
- Grunnþáttum menntunar er gerð skil í námsvísu/bekkjarnámskrám.
- Samskipti í skólasamfélaginu eru jákvæð og einkennast af virðingu.
- Reglulega er fylgst með árangri og framförum hvers nemenda og hann skráður.
- Unnið er úr og með niðurstöður námsmats og annars mats á árangri til að auka framfarir nemenda.
- Nemendur hafa gott aðgengi að stjórnendum og kennurum til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.
- Nemendur eru almennt virkir í kennslustundum.

### Tækifæri til umbóta

- Fylgja þarf eftir stefnu skólans um fjölbreytta kennsluhætti og veita nemendum tækifæri til að velja sér námsaðferðir.
- Gefa þarf nemendum í auknum mæli val um námsstíl og viðfangsefni og auka aðkomu að skipulagi náms- og skólastarfs.
- Skrá hæfni- og matsviðmið kennslustundar og verkefna í yfirferðaráætlanir.
- Gera þarf grein fyrir viðmiðum námsmats og matskvörðum og kynna fyrir öllum hagsmunaaðilum.
- Gera þarf nemendum grein fyrir framgangi og markmiðum kennslustunda.
- Þjálfar þarf nemendur í að setja sér námsmarkmið og fylgja þeim eftir.
- Auka markvisst samvinnu, samstarf, umræður og skoðanaskipti sem hluta af námi og kennslu.
- Setja fram markmið með samverustundum og bekkjarfundum og tengsl við hæfniviðmið aðalnámskrár og námsmat.
- Skrá í námsvísa/bekkjarnámskrár og kennsluáætlanir hvernig námsaðlögun er háttað í hverri námsgrein.
- Endurskoða þarf einstaklingsnámskrár með tilliti til markmiða, leiða að markmiðum, endurmats og árangurs. Huga þarf að þátttöku og aðkomu foreldra og nemenda að námsskránni þar sem við á.
- Huga þarf að tækifærum og leiðum til að nýta upplýsingatækni (UT) í námi nemenda á markvissan hátt.
- Gæta þarf þess að nemendur fái lögbundinn tíma í list- og verkgreinum og í vali í 8.-10 bekk.
- Huga þarf að líðan nemenda og greina vísbendingar um aukið einelti.





Umbótapáttur - tækifæri til umbóta skv. skýrslu	Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat, hvenær/hvernig
<b>Svið II – Nám og kennsla</b>					
<ul style="list-style-type: none"> <li>Fylgja þarf eftir stefnu skólans um fjölbreytta kennsluhætti og veita nemendum tækifæri til að velja sér námsaðferðir.</li> </ul>	Aukin fræðsla á undirbúningsdögum um fjölbreytta kennsluhætti með áherslu á fjölbreyttar námsaðferðir fyrir nemendur. Tímar skilgreindir til þróunarvinnu.	Ágúst 2020	Vor 2021	Stjórnendur og kennarar	Vor 2021, starfsmannasamtöl og innlit í kennslustundir
<ul style="list-style-type: none"> <li>Gefa þarf nemendum í auknum mæli val um námsstíl og viðfangsefni og auka aðkomu að skipulagi náms- og skólastarfs.</li> </ul>	Þróunarvinna þar sem fjölbreyttir kennsluhættir verða hafðir að leiðarljósi. Áhersla verður lögð á að nemendur fái í auknu mæli aðkomu að námsstíl og viðfangsefnum.	Ágúst 2020	Vor 2021	Stjórnendur og kennarar	Vor 2021, starfsþróunarsamtöl árganga
<ul style="list-style-type: none"> <li>Skrá hæfni- og matsviðmið kennslustundar og verkefna í yfirferðaráætlanir.</li> </ul>	Efld áætlanagerð kennara með það að markmiði að nýta Mentor betur. Þar sem hæfni- og matsviðmið kennslustunda koma fram.	Ágúst 2020	September 2020	Stjórnendur og kennarar	Vor 2021
<ul style="list-style-type: none"> <li>Gera þarf grein fyrir viðmiðum námsmats og matskvörðum og kynna fyrir öllum hagsmunaaðilum.</li> </ul>	Efla vinnu í Mentor þar sem markvisst eru settir inn þeir matskvörðar sem unnið er að. Auka kennslu í notkun Mentor meðal starfsfólks á undirbúningsdögum.	Ágúst 2020	Vor 2021	Stjórnendur og kennarar	Nám sviðtöl haust 2020 og vor 2021
<ul style="list-style-type: none"> <li>Gera þarf nemendum grein fyrir framgangi og markmiðum kennslustunda.</li> </ul>	Lagt verður upp með það verklag að í upphafi hvernar kennslustundar fari kennari yfir efni og markmið viðkomandi kennslustundar og hæfniviðmið verði sýnileg í kennslustundum.	Ágúst 2020	Vor 2021	Stjórnendur og kennarar	Vor 2021, innlit stjórnenda í kennslustundir

<ul style="list-style-type: none"> <li>• Þjálfar þarf nemendur í að setja sér námsmarkmið og fylgja þeim eftir.</li> </ul>	Lagt verður upp með það verklag að nemendur verði þjálfaðir í að setja sér námsmarkmið og fylgja þeim eftir.	Ágúst 2020	Vor 2021	Stjórnendur og kennarar	Vor 2021, innlit stjórnenda í kennslustundir
<ul style="list-style-type: none"> <li>• Auka markvisst samvinnu, samstarf, umræður og skoðanaskipti sem hluta af námi og kennslu.</li> </ul>	Lögð verði áhersla á að auka markvisst samvinnu, samstarf, umræður og skoðanaskipti nemenda sem hluta af námi nemenda.	Ágúst 2020	Vor 2021	Stjórnendur og kennarar	Vor 2021, innlit stjórnenda í kennslustundir
<ul style="list-style-type: none"> <li>• Setja fram markmið með samverustundum og bekkjarfundum og tengsl við hæfniviðmið aðalnámskrár og námsmat.</li> </ul>	Uppfæra skólanámskrá skólans með tilliti til samverustunda og bekkjarfunda þar sem fram koma hæfniviðmið aðalnámskrár og námsmat.	Júní 2020	September 2021	Stjórnendur og kennarar	September 2020
<ul style="list-style-type: none"> <li>• Skrá í námsvísa/bekkjarnámskrár og kennsluáætlanir hvernig námsaðlögun er háttað í hverri námsgrein.</li> </ul>	Uppfærðir verða námsvísar/bekkjarnámskrár og kennsluáætlanir er líta að námsaðlögun í hverri námsgrein.	Júní 2020	September 2020	Stjórnendur og kennarar	September 2020
<ul style="list-style-type: none"> <li>• Endurskoða þarf einstaklingsnámskrár með tilliti til markmiða, leiða að markmiðum, endurmats og árangurs. Huga þarf að þátttöku og aðkomu foreldra og nemenda að námsskránni þar sem við á.</li> </ul>	Teymishópur settur á laggirnar til að endurskoða einstaklingsnámskrár með tilliti til markmiða, leiða og endurmats.	Ágúst 2020	Vor 2021	Stjórnendur og kennarar	Vor 2021
<ul style="list-style-type: none"> <li>• Huga þarf að tækifærum og leiðum til að nýta upplýsingatækni (UT) í námi nemenda á markvissan hátt.</li> </ul>	Efldur verði stuðningur við kennara um nýtingu upplýsingatækni (UT) í námi nemenda á markvissan hátt með reglulegri fræðslu 2x í mánuði.	Ágúst 2020	Vor 2021	Stjórnendur, kennsluráðgjafi UT og kennarar	Vor 2021

<ul style="list-style-type: none"> <li>Gæta þarf þess að nemendur fái lögbundinn tíma í list- og verkgreinum og í vali í 8.-10 bekk.</li> </ul>	Tímafjöldi í list- og verkgreinum og í vali verði samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla.	Júní 2020	Ágúst 2020	Stjórnendur	Haust 2020
<ul style="list-style-type: none"> <li>Huga þarf að líðan nemenda og greina vísbendingar um aukið einelti.</li> </ul>	Komið verði á vinnulagi þar sem tengslakannanir verði gerðar reglulega og unnið með niðurstöður þeirra á bekkjarfundum og lífsleiknitímum.	Ágúst 2020	Vor 2021	Stjórnendur, náms- og starfsráðgjafi og kennarar	Vor 2021, Skólapúlsinn, Olweuskannanir

## Innra mat

### Styrkleikar

- Innra mat er álitid mikilvægt og er samfidi daglegu skólastarfi.
- Í starfsáætlun er fjallað um helstu leiðir sem skólinn fer við að meta innra starf sitt.
- Framkvæmd innra mats er á abyrgð stjórnenda.
- Við öflun gagna er leitað eftir sjónarmiðum allra hagsmunaaðila.
- Niðurstöður kannana í innra mati eru kynntar skólaráði og stjórn foreldrafélags.
- Þegar niðurstöður innra mats liggja fyrir eru umbætur kynntar og ræddar meðal starfsmanna.
- Skólinn nýtir niðurstöður ytra mats (s.s. samræmd könnunarpróf og Lesferil) í innra mat sitt.
- Tímasett umbótaáætlun er í starfsáætlun.

### Tækifæri til umbóta

- Skipa þarf matsteymi með fulltrúum stjórnenda, kennara, annara starfsmanna, nemenda og foreldra þannig að allir hagsmunaaðilar komi að og taki virkan þátt í samræðum um þróun og umbætur.
- Tryggja þarf aðkomu skólaráðs að samræðu og ákvarðanatöku um innra mat og umbótaáætlun skólans.
- Kynna niðurstöður kannana formlega fyrir öllum hagsmunaaðilum.
- Endurskoða reglulega aðferðir og reynslu af innra mati.
- Hafa mætti í huga að gera mats-og umbótaáætlun aðgengilegri.



Umbótapáttur - tækifæri til umbóta skv. skýrslu	Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat, hvenær/hvernig
<b>Svið III – Innra mat</b>					
<ul style="list-style-type: none"> <li>• Skipa þarf matsteymi með fulltrúum stjórnenda, kennara, annara starfsmanna, nemenda og foreldra þannig að allir hagsmunaaðilar komi að og taki virkan þátt í samræðum um þróun og umbætur.</li> </ul>	Matsteymi verður skipað haustið 2020 þar sem fulltrúar allra hagsmunaaðila koma að.	Haust 2020	Vor 2021	Skólastjórn, kennarar	Vor 2021
<ul style="list-style-type: none"> <li>• Tryggja þarf aðkomu skólaráðs að samræðu og ákvarðanatöku um innra mat og umbótaáætlun skólans.</li> </ul>	Lögð verður fram í upphafi skólaárs tillögur að matsáætlun skólaársins.	Haust 2020	Vor 2021	Skólastjórn	Vor 2021
<ul style="list-style-type: none"> <li>• Kynna niðurstöður kannana formlega fyrir öllum hagsmunaaðilum.</li> </ul>	Niðurstöður kannana verði formlega kynntar öllum hagsmunaaðilum í janúar og júní ár hvert.	Haust 2020	Vor 2021	Skólastjórn	Vor 2021
<ul style="list-style-type: none"> <li>• Endurskoða reglulega aðferðir og reynslu af innra mati.</li> </ul>	Rýnt í niðurstöður innra mats og matsaðferðir endurskoðaðar í janúar og júní ár hvert.	Haust 2020	Vor 2021	Skólastjórn	Vor 2021
<ul style="list-style-type: none"> <li>• Hafa mætti í huga að gera mats- og umbótaáætlun aðgengilegri.</li> </ul>	Taka mats- og umbótaáætlun skólans út úr starfsáætlun og gera aðgengilega á heimasíðu skólans	Ágúst 2020	Desember 2020	Skólastjórn	Vor 2021